

GAMAN SAMAN 2019-2020

Gaman saman hefur nú verið dagskrárliður á Eirhömrum í 7 ár, annan hvern fimmtudag yfir vetrarmánuðina. Gaman saman er samstarfsverkefni FaMos, félagsstarfsins og Vorboða. Gaman saman er vel sótt af íbúum Eirhamra og Hamra ásamt öðrum gestum og telst mér til að um 50-60 gestir sækji Gaman saman í hvert skipti. Eins og frá upphafi koma við sögu leikskólabörn frá 6 leikskólum bæjarins ásamt umsjónarfólki, Skólahljómsveit Mosfellsbæjar, stjórnandi Daði Þór Einarsson, Barnakór Varmárskóla, stjórnandi Íris Erlingsdóttir, og nemendur Listaskóla Mosfellsbæjar sem Atli Guðlaugsson stýrir. Fjöldi þeirra aðila, sem glatt hafa augu og eyru gesta í Gaman saman, eru í kringum 230 manns og þeir fá mínar bestu þakkir fyrir samvinnuna, þeim Hrafnhildi Ólafsdóttur og Sigrúnu Sigurðardóttir þakka ég alla hjálpa svo og öllum þeim Vorboðum sem hafa rétt okkur hjálparhönd. Segja má að Gaman saman sé orðin fastur liður í dagskrá leikskólabarnanna sem leikskólastjórnarnir hafa með glöðu geði sett inn í skipulagða dagskrá þeirra og fá þeir allir góðar kveðjur og þakkir fyrir. Undanfarin þrjú ár hefur Helgi R. Einarsson séð um undirleik og farið með vísur og gamanmál eins og honum einum er lagið, en hann fer líka inn í flesta leikskóla bæjarins og lætur börnin syngja svo að þau koma vel undirbúin í Gaman saman. Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Gaman saman.